

Nr. 18-201 S 140 Samflot / Máni**Annað atvik****Samflot**

Skipaskr.nr. 7773
 Útgerð: Bjarni Rafnsson
 Smíðaður: Tyrkland 2008, plast
 Stærð: 7,90 bt.
 Mesta lengd: 9,34 m
 Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,54 m
 Vél: Yanmar 188 kw, 2008.
 Fjöldi skipverja: 1



Samflot©NN

Máni

Skipaskr.nr. 1487
 Útgerð: Artic Sea Tours ehf
 Smíðaður: Stykkishólmur 1977, eik
 Stærð: 49,83 bt
 Mesta lengd: 20,69 m
 Breidd: 5,13 m Dýpt: 2,43 m
 Vél: Caterpillar 276 kW, 1991
 Fjöldi skipverja: 2
 Fjöldi farþega: 57



Máni©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. júlí 2018 var hvalaskoðunarskipið Máni að fara úr höfn á Dalvík og skemmtibáturinn Samflot að koma til hafnarinnar. Veður: Hægviðri.

Upplýsingar komu til VSS (Vakstöðvar siglinga) um að það hefði skapast árekstrarhætta á milli Samflot og Mána við innsiglinguna til hafnarinnar. Skipstjóri Mána tjáði VSS að hann hefði þurft að bakka til forða árekstri en skipstjóri Samflots taldi ekki sömu hættu hafa verið á ferðum.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri Samflots kvaðst hafa verið að koma öfugu megin í innsiglinguna og ekki séð Mána fyrir en hann kom fyrir hornið á garðinum en þá hefði verið 20-30 m á milli skipanna. Hann taldi að það hefði ekki

verið árekstrarhætta og minnsta fjarlægð hefði verið u.þ.b. 10 m á milli þeirra;

- að skipstjóri Mána kvaðst hafa bakkað og stöðvað bátinn þar sem hann gat ekki vikið til stjórnborða vegna þess hversu nálægt hann var hafnargarðinum. Hann taldi að skipin hefðu lent í árekstri ef hann hefði ekki bakkað;
- að skipstjóri Mána taldi að um 20 m hefði verið á milli skipanna þegar hann sá Samflot fyrst og minnsta fjarlægð hefði verið um 10 m. Hann hefði kallað á Samflot bæði á VHF rás 9 og 12 en ekki fengið svar;
- að skipstjóri Mána hafði ekki hugað að mögulegri umferð áður en hann lagði af stað en fram kom hjá honum að það væri stundum gert;
- að báðir skipstjórar voru vanir siglingum um höfnina;
- að haffærisskírteini Samflots rann út í maí 2017. Fram kom hjá skipstjóra að hann hefði verið sigla bátnum til Dalvíkur úr viðgerð á Akureyri til að undirbúa hann fyrir skoðun.

Nefndarálit:

Nefndin telur að ekki hafi verið sýnd nægjanleg aðgæsla við siglingu að höfninni.

Nefndin átelur skipstjóra Samflots að hafa siglt bátnum án haffæris frá Akureyri til Dalvíkur.